

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2007.

Flugmálastjórn hefur ákveðið að frá og með 15. mars 2007 falli úr gildi ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/1998 um gildistöku reglna um skóla sem viðurkenndir eru til þjálfunar og prófunar viðhaldsvotta, ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2005 um skyldu viðurkenndra viðhaldsstöðva, viðhaldsvotta og handhafa flugrekstrarleyfa útgefna af Flugmálastjórn Íslands til að fara að fyrirmælum reglugerða EB nr. 1702 og 2042/2003 með síðari breytingum, nr. 580/2005, og ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2006 um gildistöku reglna um sýnileika fatnaðar á flugvöllum.

Með vísan til 70. gr., sbr. 140. gr. laga um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2006, verður ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 27. febrúar 2007.

Pétur K. Maack flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. mars 2007